

Hörgársveit
Guðmundur Sigvaldason
Belamerkuskóli
601 Akureyri

Umhverfisstofnun
Áb. _____
01. nóv. 2010
10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. nóvember 2010

Tilvísun: UST20100800049/jbw

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 16. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breyttu aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026.

Breytingar á aðalskipulagi

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi þremur breytingum á gildandi aðalskipulagi:

- Línustæði Blöndulínu 3 færist til á um alls 11 km kafla frá Krossastaðagili yfir Moldhaugaháls og suður Kræklingahlíð að Glerá. Á kaflanum frá Öxnadalsheiði að Krossastöðum er færsla línustæðisins óveruleg þar sem hún felur eingöngu í sér færslu hornstæða sem ekki var búið að fastsetja. Hornstæðin voru færð af ýmsum ástæðum m.a. til að auðvelda þverun á núverandi línu á nokkrum stöðum, til að línan falli betur að landslagi, til að hornstæði séu frekar staðsett á mel en í mýri og til að auðvelda lagningu slóða að línunni. Í Kræklingahlíð er færslan meiri því að línustæðið fer ofar í hlíðina og er sú færsla niðurstaða samráðs við landeigendur sem þótti línan fara betur ofar í hlíðinni.
- Fyrirhugað nýtt vegstæði Hörgárdalsvegur (815) framhjá Brakanda færist neðar í landið á um 1 km kafla. Markmið með færslunni er að stuðla að bættu umferðaröryggi, fækka einbreiðum brúm og að færa vegstæðið fjær býlum.
- Skilgreint verslunarsvæði við gistiheimilið Lónsá stækkar lítilliga en mælist þó áfram 1 ha að flatarmáli. Aukin þörf á gistirýmum kallar á stækkun svæðisins.

Umhverfisskýrsla í greinargerð

Umhverfisáhrif vegna færslu Blöndulínu 3

Umhverfisstofnun bendir á að í umhverfisskýrslu í greinargerð á skipulagsuppdrætti er ekki lagt mat á áhrif færslu Blöndulínu 3 á umhverfið. Þar er fjallað um grunnástand m.t.t. fugla,

fornleifa og gróðurs og um sjaldgæfi gróðurfélaga. Stofnunin bendir einnig á að áhrifasvæði þess hluta Blöndulínu 3 sem færa á er að hluta inni á fjarsvæði og að hluta inni á grannsvæði vatnsbóls. Auk þess er brunnsvæði austan Hörgár nálægt áhrifasvæði línunnar. Vegna þessa er mikilvægt að við línuframkvæmdir verði allt rask takmarkað og bendir stofnunin í því sambandi á reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og að haft verði samráð við heilbrigðisnefnd á svæðinu.

Umhverfisáhrif vegna færslu á Hörgárdalsvegi

Í umhverfisskýrslu um færslu Hörgárdalsvegar eru umhverfisáhrif færslunnar metin og tekur Umhverfisstofnun undir það mat að færsla vegarins sé líkleg til að hafa óveruleg áhrif á umhverfi. Einnig tekur stofnunin undir það að við færslu vegarins verði allt rask takmarkað vegna þess að framkvæmdasvæðið liggur innan grann- og fjarsvæðis vatnsbóls og vegna nálægðar við brunnsvæðið austan Hörgár. Stofnunin ítrekar að við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum er mikilvægt að farið sé eftir ákvæðum 12 gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og að samráð verði haft við heilbrigðisnefnd á svæðinu.

Umhverfisáhrif vegna stækkunar verslunarsvæðis við gistiheimilið Lónsá


Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð á skipulagsupprætti er ekki lagt mat á umhverfisáhrif stækkunar verslunarsvæðis við gistiheimilið Lónsá.


Niðurstaða Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að vegna þess að aðalskipulagsbreyting Hörgárbyggðar fellu undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 skuli meta umhverfisáhrif allra breytinga í umhverfisskýrslu en slíkri umfjöllun er ábótavant í skipulaginu. Einnig bendir stofnunin á að fyllstu varúðar skuli gætt við framkvæmdir innan vatnsverndarsvæða og að farið verði eftir ákvæðum 12 gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá skipulagið aftur til umsagnar þegar fyrrgreindum ákvæðum um umhverfismat áætlana er fullnægt.

Viðfangsfullt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Jóhanna Björk Weisshappel
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Dalvíkurbyggð
Bæjarskrifstofan ráðhúsinu
620 Dalvík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. nóvember 2010
Tilvísun: UST20100500068/jbw

Tillaga að deiliskipulagi athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis Árskógssandi

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 14. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi athafna-, verslunar-, þjónustu og íbúðarsvæðis Árskógssands, Dalvíkurbyggð.

Almennt um deiliskipulagssvæðið - markmið

Deiliskipulagssvæðið er staðsett í suðvestur hluta byggðakjarna Árskógssands og er um 6,4 ha að stærð. Land innan þess er nánast flatt þar sem hæðarmismunur er um 2,5 m í norður-suður stefnu. Svæðið afmarkast af Ægisgötu að norðan, af Hafnargötu að austan og að vestan og sunnan er lyngmói og órækt. Á svæðinu eru í dag vörugeymslur, bruggverksmiðja og flutningsfyrirtæki, verslun og íbúðarhús. Um 10 m frá vesturmörkum deiliskipulagssvæðisins er lækur.

Markmið með deiliskipulagstillögunni er annars vegar að koma upp heilstæðri mynd af svæðinu og hins vegar að fjölga og auka margbreytileika í lóðaframboði.

Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þar sem það er skilgreint sem athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæði.

Náttúruminjar

Deiliskipulagssvæðið er ekki á náttúruminjaskrá og engar friðlýstar náttúruminjar eru innan þess.

Lóðir - mannvirkjagerð

Samkvæmt deiliskipulagstillögunni eru á svæðinu alls 23 lóðir og eru 16 þeirra nýjar. Flatarmál lóðanna er mismunandi eða á bilinu 1.200-13.300 m². Í tillögunni eru ákvæði sett

um nýtingu, byggingar, frágang lóða og aðlögun þeirra að aðliggjandi opnum svæðum. Samræma skal frágang og hæðarlegu á lóðarmörkum. Á jöðrum raskaðs lands og óraskaðs skal leitast við að rækta upp náttúrulegan gróður (sjá nánar í kafla um áhrif á gróður hér á eftir)

Byggingalóðirnar falla ýmist undir skilgreininguna athafnastarfsemi, verslunar- og þjónustustarfsemi eða íbúðahúsnæði, auk þess er þar spennistöð á einni lóð.

Vegir og göngustígar

Hafnargata gegnir áfram hlutverki sem safngata deiliskipulagssvæðisins. Öldugata, sem er húsagata, verður samkvæmt tillögunni framlengd frá Hafnargötu og í gegnum svæðið þar sem hún tengist Ægisgötu. Heimilt er samkvæmt tillögunni að lóðir tengist Hafnargötu vegna lítillar umferðar um þá götu. Gott göngustígakerfi verður um svæðið, að og frá því, og verður útfærsla þeirra ákvörðuð við endanlega gatnahönnun.

Frárennsli

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki er fjallað um frárennsli í tengslum við deiliskipulagssvæðið. Stofnunin gerir ráð fyrir að áfram verði farið eftir kröfum í 13.1 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að allt jarðrask vegna frárennislislagna í jörð verði lagfært og fært í fyrra horf (sjá nánar síðari umfjöllun um gróður).

Neysluvatn

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki er fjallað um öflun neysluvatns fyrir deiliskipulagssvæðið. Stofnunin gerir þó ráð fyrir að sama vatnslind verði notuð áfram. Stofnunin bendir á að öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skuli vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og að vatnslindir falla undir vatnsvernd samkvæmt ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Einnig bendir stofnunin á að allt jarðrask vegna vatnslagna í jörð eigi að lagfæra og færa í fyrra horf.

Sorp

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki er fjallað um meðferð sorps af deiliskipulagssvæðinu. Í því sambandi bendir stofnunin á reglugerðir um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003.

Umhverfismat - áhrif á umhverfispætti

Í umhverfisskýrslu kemur fram að líklegt sé að fyrirhugaðar framkvæmdir vegna deiliskipulagstillögunnar hafi ekki neikvæð áhrif á nánasta umhverfi. Umhverfisstofnun er ekki sammála því mati samanber umfjöllun hér á eftir.

Gróður

Ljóst er að við byggingu húsa, lagningu vegar, bílastæða, göngustíga og fleiri mannvirkja mun gróður fara forgörðum. Í greinargerð með deiliskipulagstillögunni kemur fram að á

nýjum hluta svæðisins sé bæði náttúrulegur lyngmói og órækt. Svo virðist vera sem „órækt“ séu gömul tún eða röskuð svæði. Það er mat Umhverfisstofnunar að staðbundin neikvæð áhrif verði á náttúrulegan gróður, lyngmóa, á hluta svæðisins. Stofnunin telur því mikilvægt að reynt verði að lágmarka jarðrask í lyngmóanum og að halda honum sem mest óröskuðum þar sem mannvirki eru ekki fyrirhuguð. Ef gróður raskast utan við mannvirki er ýmist hægt að varðveita gróðurþekju lyngmóa og leggja aftur yfir röskuð svæði eða að græða upp með grastegundum sem ríkjandi eru í lyngmóanum.

Að lokum tekur Umhverfisstofnun undir þá stefnu deiliskipulagstillögunnar að planta eigi eingöngu íslenskum, staðbundnum tegundum runna/trjáa í óreglulegu belti við lóðamörk sem liggja að opnu landi.

Í umhverfisskýrslu er svo metið að deiliskipulagssvæðið hafi ekki nein „gróðurfarsleg verðmæti“. Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé rétt að fullyrða um slíkt þar sem að ekki hefur farið fram gróðurathugun á svæðinu og því ekki vitið hvort þar finnist sjaldgæfar tegundir plantna.

Lækur

Umhverfisstofnun bendir á að í eingöngu 10 m fjarlægð frá vesturmörkum deiliskipulagssvæðisins sé lækur og hugsanlega votlendisræma meðfram honum. Stofnun telur mikilvægt að við framkvæmdir verði þess vandlega gætt að jarðrask nái ekki út fyrir deiliskipulagsmörkin í grennd við lækinn og að það verði brýnt fyrir verktökum með áherslu á þá sem hafa með stórvirkar vinnuvélar að gera. Einnig bendir stofnunin á ákvæði 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 um að óheimilt sé að setja niður girðingar m.a. á árbökkum þannig að hindri umferð gangandi manna.

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir á að meiri uppbygging á deiliskipulagssvæðinu geti valdið neikvæðum sjónrænum áhrifum. Í því sambandi tekur stofnun undir þá stefnu deiliskipulagstillögunnar að áhersla verði lögð á að byggingar falli vel að landhæðum og landslagi innan lóða og að gróðurbelti við lóðamörk að opnu landi skerði ekki útsýni frá mikilvægum útsýnisstöðum.

Áhrif á landslag

Umhverfisstofnun telur að stefna deiliskipulagstillögunnar muni hafa óveruleg áhrif á landslag frá því sem nú er í ljósi þess að á svæðinu eru hús og önnur mannvirki í dag.

Mengunarhætta


Hætta er á mengun vatns/grunnvatns vegna frárennslis og sorps. Umhverfisstofnun ítrekar að ekki er fjallað um frárennslis og sorphúsgang í deiliskipulagstillögunni né öflun neysluvatns. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að farið sé/verði eftir reglum sem um þessa þætti gilda.


Umhverfisstofnun tekur undir það að lítil hætta verði á annars konar mengun, s.s. loftmengun, þar sem að á deiliskipulagssvæðinu er fyrst og fremst gert ráð fyrir „atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum,

hreinlegum verkstæðum svo og verslunum...“.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis Árskógssandi, Dalvíkurbyggð.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Jóhanna Björk Weissköppl
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun

